

Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

28. mars 2006

Efni: Umsögn um 212. mál, þingskjal 212.
„Tillaga til þingsályktunar um leiðir til
að auka fullvinnslu á fiski hérlendis“.

Landssamband smábátæigenda (LS) tekur undir mikilvægi þess sem fram kemur í þingsályktuninni að Alþingi feli sjávarútvegsráðherra að kanna leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hérlendis.

LS telur að slík vinna gæti varpað ljósi á margvíslega þætti í flóknu umhverfi á vinnslu og útflutningi sjávarfangs. Við greiningu þeirra þátta yrði unnt að leggja mat á hvort mögulegt væri að auka virðisauka í sjávarútvegi með aukinni fullvinnslu.

LS telur að með tilkomu fiskmarkaða hafi starfsumhverfi í viðskiptum með fisk orðið gegnsætt og án verulegra hafta.

Samkvæmt greinargerð má ætla að hægt sé að gera enn betur á þessu sviði þar sem staðhæft er að íslenskir fiskverkendur hafi ekki möguleika til að bjóða í fisk sem fluttur er óunninn á markað erlendis. Skoða þarf sérstaklega hvort þessi fullyrðing á við rök að styðjast og ef svo er, að aflétta þá tafarlaust slíkri viðskiptahindrun.

Auk þess sem hér hefur verið minnst á er í greinargerðinni fleiri atriði sem mæla með þingsályktuninni, t.d. hvort svokölluð „yfirvigt“ tókist á erlendum fiskmörkuðum.

Að lokum vill LS láta koma fram að það tekur ekki undir þá skoðun flutningsmanna þingsályktunarinnar að:

„Ótvírátt er að það þjónar hagsmunum Íslendinga að sem mest af þeim fiski sem veiddur er hér við land sé jafnframt unninn hér á landi.“

Aðstæður hljóta að ráða þar ferðinni, t.d. hver sé ósk markaðarins hverju sinni. Aukið magn til vinnslu er því ekki bein ávísun á hærri virðisauka þess sem tekið er úr auðlindinni.

LS tekur hins vegar undir lokaorð greinargerðarinnar að stjórnvöldum beri að tryggja laga- og reglugerðaumhverfi þannig að jafnræði og samkeppnisstaða íslenskra fiskverkenda sé trygg. Það er því full þörf á þeirri vinnu sem hér er beðið um.

Virðingarfyllt

f.h. Landsambands smábátæigenda



Örn Pálsson framkvæmdastjóri